

Persónuverndaryfirlýsing til umsækjenda um störf hjá Odda prentun og umbúðir ehf.

Varðandi umsókn þína hjá Odda, mun Oddi, sem ábyrgðaraðili, safna og vinna með persónugreinanlegar upplýsingar þínar í þeim tilgangi sem tilgreindur er hér að neðan. Vinsamlegast kynnið ykkur vel eftirfarandi atriði til þess að skilja hvernig við vinnum með persónuupplýsingar þínar.

Hvaða gögnum söfnum við um þig og í hvaða tilgangi

Við söfnum og vinnum eftirfarandi persónuupplýsingar til þess að meðhöndla umsókn þína og annað tengt ráðningarferlinu; og fyrir aðrar stöður innan Odda (ef samþykki hefur verið veitt):

- Nafn; fæðingardagur; netfang; heimilisfang; dvalarland; símanúmer; mynd; upplýsingar um fyrri atvinnu og menntun og aðrar upplýsingar sem koma fram í ferilskrá, prófskírteini og önnur skjöl sem þú hefur útvegað okkur, upplýsingar um meðmælendur, prófniðurstöður og innra mat sem fer fram á þér í tengslum við umsóknina.

Persónusnið

Engin sjálfvirk gagnavinnsla fer fram í tengslum við ráðningarferli hjá Odda.

Frá hverjum söfnum við þínum persónuupplýsingum?

Upplýsingunum er safnað frá þér og eftir atvikum í gegnum umsagnaraðila sem þú bendir okkur á.

Lagalegur grundvöllur fyrir vinnslu

Söfun og vinnsla persónuupplýsinga þinna er byggð á lögum um hagsmunum skv. 6. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnsla persónuupplýsinga sbr. f.lið, 1. mgr. 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga.

Hvert flytjum við gögnin þín?

Flutningur gagna til vinnsluaðila

Við gætum flutt gögnin þín, í tengslum við þau atriði sem nefnd eru hér að ofan, til umsjáaðila upplýsingakerfa sem vinna með eða geyma persónuupplýsingarnar fyrir okkur, í þeim tilgangi sem komið er inná hér að ofan.

Hversu lengi geymum við persónuupplýsingar um þig?

Við geymum persónuupplýsingarnar svo lengi sem við teljum nauðsynlegt til að uppfylla þann tilgang sem nefndur er hér að ofan, þó ekki lengur en 6 mánuði.

Réttindi þín

Þú nýtur eftirfarandi réttinda samkvæmt lögum um persónuvernd:

- Að hafa aðgang að persónuupplýsingunum
- Að láta leiðrétta / eða eyða persónuupplýsingum
- Að láta takmarka vinnslu með persónuupplýsingar
- Að draga til baka samþykki hvenær sem er
- Að andmæla vinnslu persónuupplýsinga
- Að andmæla gerð persónusniðs

Þú hefur einnig rétt til þess að leggja fram kvörtun hjá eftirlitsyfirvaldi sjáir þú ástæðu til þess

Frekari upplýsingar

Vinsamlegast hafðu samband við okkur í gegnum netfangið personuvernd@oddi.is ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi vernd persónuupplýsinga þinna eða ef þú vilt nýta þér lagaleg réttindi þín.

Oddi prentun og umbúðir ehf

Höfðabakki 7

110 Reykjavík

s 515-5000

personuvernd@oddi.is

Endurskoðun persónuverndaryfirlýsingu

Persónuverndaryfirlýsing þessi er endurskoðuð reglulega og uppfærð ef tilefni er til. Síðast var stefnan uppfærð þann 7.9.2018.